

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

Raforkuverð – Yfirlit.

A – Almennir taxtar.

| | | | |
|-----|---|---------------------------|----------------|
| A.1 | Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir: | | |
| | Orkugjald | Grunnverð 7,81 kr/kWst | Vsk. (9,72) |
| | Fast gjald 1 fasa | 1 914,00 kr/ár | (2 383,00) |
| A.2 | Verð á raforku til heimilisnotkunar. | | |
| | Orkugjald | 6,39 kr/kWst | (7,96) |
| | Fast gjald 1 fasa | 1 914,00 kr/ár | (2 383,00) |
| A.3 | Verð á raforku til mannvirkjagerðar. | | |
| | Orkugjald | 10,37 kr/kWst | (12,91) |
| | Fast gjald 1 fasa | 3 255,00 kr/ár | (4 052,00) |

B – Afltaxtar.

| | | | |
|-----|---|---------------------|-------------|
| B.1 | Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar. | | |
| | Fastagjald | 36 645,00 kr/ár | (45 623,00) |
| | Orkugjald | 2,35 kr/kWst | (2,93) |
| | Aflgjald | 9 163,00 kr/kWst/ár | (11 408,00) |
| | Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni. | | |

C – Hitun.

| | | | |
|-----|---|----------------|------------|
| C.1 | Verð á raforku til órofinnar hitunar. | | |
| | Orkugjald | 5,05 kr/kWst | (6,29) |
| | Fast gjald | 6 857,00 kr/ár | (8 537,00) |
| C.2 | Verð á raforku til rofinnar hitunar | | |
| | Orkugjald | 2,65 kr/kWst | (3,30) |
| | Fast gjald | 4 440,00 kr/ár | (5 528,00) |
| | Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring. | | |

Önnur fastagjöld.

Fast gjald fyrir þriggja fasa notkun á A og C liðum skal vera tvöfalt.

Mælitæki.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja sem notuð eru við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyrirmælum rafveitunnar.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | | Heimtaugagjöld: |
|-------------|--------|-------------------------|
| 25A | 1 fasa | 11 300,00 (14 069,00) |
| 63A | 1 fasa | 58 300,00 (72 584,00) |
| 63A | 3 fasa | 63 800,00 (79 431,00) |
| 100A | 3 fasa | 97 800,00 (121 761,00) |
| 200A | 3 fasa | 202 000,00 (251 490,00) |
| 315A | 3 fasa | 316 000,00 (393 420,00) |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skyld að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar skal greiða gjald kr. 1 850,00 (2 303,00).

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 1 850,00 (2 303,00) gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Virðisaukaskattur 24,5% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld með virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1991, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 449, 26. september 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 340, 3. júlí 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 10. október 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnson.

Steinunn Bjarmann.